

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag Hafnargötu 12.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 2. september 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi gamla bæjarins (A-hluti), fyrir Hafnargötu 12, málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Húsagerð verði að hámarki kjallari, þrjár hæðir og ris, íbúðarfjöldi verði að hámarki 58 íbúðir. Gert er ráð fyrir að hluti af rými fyrstu hæðar verði fyrir verslun eða þjónustu. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Deiliskipulag Dalshverfis, 2. áfanga.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 7. október 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalshverfis, 2. áfanga, sbr. uppdrátt Kanon arkitekta ehf. dags. 2. september 2025. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að bætt er við 14 íbúðum í einnar hæðar sérbýlum á suðvesturhluta svæðisins. Þar verða 10 einbýlishús ásamt tveimur parhúsalóðum. Markmið breytingarinnar er að koma til móts við óskir um aukið sérbýli og að halda samtímis í umhverfisleg gæði hverfisins með miðlægu opnu grænu svæði. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Reykjanesbæ, 28. maí 2026.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2026